



Alþingi  
Erindi nr. P 125/427  
komudagur 8.12.1999

7. desember 1999

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dags. 23. nóvember 1999 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 200. mál.

Þegar er fengin sú reynsla af innheimtu gjalds af stofnunum sem sæta eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins að tilefni gefist til endurskoðunar. Þá er talið rétt að tryggja að eftirlitsgjaldið uppfylli á hverjum tíma skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir.

Nauðsynlegt er að Fjármálaeftirlitinu séu tryggðar tekjur til starfsemi sinnar. Seðlabanki Íslands er sammála efni greinds frumvarps og styður samþykkt þess. Óhjákvæmilegt er að það verði afgreitt fyrir jól.

Viðringarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605